

Fimmtudaginn 21. febrúar 1991.

Nr. 73/1991

Ákærvaldið

gegn

Baldvin Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 18. febrúar 1991.

Varnaraðili krefst þess, „að hann verði samkvæmt 4. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974 vistaður á sjúkrahúsi í stað fangelsis“. Þá er gerð krafa um þóknun til réttargæslumanns vegna kærumáls þessa.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Að tilhlutan ríkissaksóknara ritaði vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins hinn 19. febrúar 1991 bréf til Ásgeirs Karlssonar geðlæknis. Í bréfinu segir m.a. svo: „... er þess beiðst, herra geðlæknir, að þér framkvæmið sérfræðilega skoðun á Baldvin Kristjánssyni og látið uppi álit um það, hvernig háttað er heilsufari hans og högum og hvort vistun hans samrýmist því, að heilsu hans sé ekki stefnt í hættu“. Læknirinn geðskoðaði varnaraðila í fangelsinu í Síðumúla sama dag. Í allrækilegri álitgerð læknisins, dagsettri 20. febrúar 1991, segir m.a. svo:

„Niðurstaða: Undirritaður telur að Baldvin Kristjánsson sé ekki haldinn neinum þeim líkamlegum eða andlegum sjúkdómum, sem geri það að verkum að hann sé í þörf fyrir (sic) sérstaka læknisfræðilega meðferð. Undirritaður telur því að ekkert mæli gegn því að Baldvin sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist ef nauðsyn krefur.“

Þá hefur réttargæslumaður ákærða lagt fyrir Hæstarétt bréf dr. Sölvínu Konráðs sálfræðings, sem dagsett er 20. febrúar 1991 og ber fyrrsögnina: „Skýrsla og álit vegna Baldvins Kristjánssonar.“ Niðurlag bréfsins er svohljóðandi:

„Helstu vandræði Baldvins og annarra hans líka eru að ekki er til viðeigandi stofnun á landinu til að taka við slíkum sjúklingum. Afleiðingarnar eru hörmulegar. Ef ferill hans og sjúkraskýrslur eru raktar þá kemur í ljós togstreita milli aðila sem telja sig ekki bera ábyrgð á hans líkum og telja sig eingöngu til sjúkrastofnanna (sic). Það má til sanns vegar færa. Eftir stendur vandamálið með Baldvin.“

Með vísan til ofangreindrar álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar læknis og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1991.

Ár 1991, sunnudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur krafist þess, að Baldvin Kristjánssyni, kt. 221062-3109, til heimilis að Njörvasundi 2, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. apríl 1991 kl. 16.00. Einnig er þess krafist, að kærða verði á gæsluvarðhaldstímanum gert að sæta sérfræðilegri rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi. Réttargæslumaður kærða hefur í samráði við kærða mótmælt framkominni kröfu, og hefur hann óskað þess, að kærði verði vistaður á spítala eða á öðrum viðeigandi stað með vísan til 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974. Fallist hefur verið á kröfu um sérfræðilega rannsókn á geðheilbrigði kærða og sakhæfi á gæsluvarðhaldstímanum.

Málavextir eru þeir, að RLR vinnur nú að rannsókn þess atburðar, er Hafðisi Hafsteinsdóttur, Melgerði 2, Kópavogi, var ráðinn bani fimmtudaginn 14. febrúar sl. Við rannsókn málsins beindist fljótlega grunur að kærða, Baldvin Kristjánssyn, þar sem lík Hafðisar fannst í herbergi hans laugardaginn 16. febrúar sl.

Kærði, sem handtekinn var þann 16. febrúar sl., hefur við yfirheyrslur hjá RLR viðurkennt að hafa ráðið bana Hafðisi Hafsteinsdóttur. Hefur hann skýrt frá því, að það hafi átt sér stað í íbúð hans fimmtudagskvöldið 14. febrúar sl., og hafi atvik verið með þeim hætti, að hann hafi stungið Hafðisi með hniði nokkrum sinnum. Í framhaldi af því hefur kærði borið, að hann hafi falið lík Hafðisar undir sófa í herbergi sínu. Fyrir dómi hefur frásögn kærða verið í fullu samræmi við skýrslur hans hjá RLR.

Þrátt fyrir játningar kærða hjá lögreglu og einnig hér fyrir dóminum er rannsókn þessa máls ekki lokið. Réttargæslumaður kærða hefur óskað eftir því með vísan til 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974, að kærði verði úrskurðaður til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu hans sé borgið.

Kærði hefur með háttsemi sinni framið mjög alvarlegt brot. Í ljósi þess, að ekki liggja fyrir við meðferð kröfunnar staðfest gögn um gedhagi kærða, þykir ekki unnt að verða við kröfu réttargæslumannsins um vistun kærða skv. 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 17. september 1990 í máli nr. 328/1990.

Brot það, er kærði hefur játað að hafa framið, varðar fangelsisrefsingu skv. 211. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. apríl 1991 kl. 16.00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstíma gangast undir sérfræðilega rannsókn á gedheilbrigði sinni og sakhæfi með vísan til 2. tl. d-liðar 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Baldvin Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. apríl 1991 kl. 16.00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstíma gangast undir sérfræðilega rannsókn á gedheilbrigði sinni og sakhæfi.
